



Fundur í Fræðslunefnd

34. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn 16.apríl 2018 og hófst kl. 14. 00

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir og Kristinn Lárusson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir, Hjördís Henrikssen, Árni Davíð Haraldsson, Sigríður Harpa Jóhannsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir og Hildur Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Leikskólinn Barnaból

- a. Drög að skóladagatali 2018-2019
Halldóra dreifði drögum þar sem helstu útlínur eru komnar á blað en ljóst er að næsta skólaár mun litast af framkvæmdum og nýbyggingu. Reiknað er með að tæma Sel um miðjan júní og leysa með aukinni útiveru og nota Stekk fyrir yngri líka. Starfsdagar eiga etv eftir að færast til, t.d. vegna Leikur að læra verkefnis. Einnig á eftir að setja inn stutta daga.
- b. Skýrsla skólastjóra
Nýr starfsmaður byrjaði á yngri deild í janúar og það gengur bara mjög vel. Byggingarframkvæmdir eru hafnar á lóðinni. Leikur að læra – lotunni lauk í mars og á að byrja aftur í haust. Erfiður vetur á leikskólanum þar sem mikið hefur verið um langtímaveikindi hjá starfsfólki og álag verið á öllum. Foreldrasamtöl voru á báðum deildum í mars og gengu vel. Kennarar fóru á námskeið í Karellen á starfsdegi. Kennaranemi var á eldri deild í þrjár vikur. Það eru 9 börn sem fara í grunnskólann í haust og hafa þau verið í aðlögun uppi í grunnskóla í vetur. Hún hefur gengið ljómandi vel. Deildarstjóri á yngri deild er að hætta í júní. Síðasti dagur fyrir sumarlokun er 22.júní. Inntaka nýrra barna fer eftir stöðunni í byggingarframkvæmdum. Umræður um skólaþjónustu og vöndun á þjónustu talmeinafræðings. Formaður vinnur málið áfram í samstarfi við skólastjórana.

2. Grunnskólinn á Þórshöfn

- a. Drög að skóladagatali lögð fram
Ásdís leggur fram drög þar sem helstu dagsetningar eru komnar inn.
- b. Skýrsla skólastjóra
Samtalsdagar í janúar
Þorrablót var í janúar en minna í sniðum en oft áður þar sem stutt var í árshátíð. Árshátíðin var í febrúar og var mjög vel heppnuð. Lífandi tónlist og með stærra sniði en áður.
Nordplus verkefnið hjá 8.-10.bekk hefur tekið tíma en gefið mikið af sér líka. Síðasti hópurinn var kvaddur snemma í morgun og bara lokaskýrslan eftir.



LANGANESBYGGÐ

Samræmd próf voru í mars. 3 náðu að klára íslenskuprófið, allir stærðfræðiprófið en enginn enskuprófið vegna tæknilegra örðugleika. Skólinn hefur ákvörðunarvaldið um hvort nemendum sé boðið að taka prófin aftur.

Stóra upplestararkeppnin var á Raufarhöfn í mars, einn nemandi keppti fyrir okkar hönd.

Skólahreysti var í byrjun apríl sem gekk ljómandi.

Forföll hafa verið töluverð og búið að ráða aðeins í forfallakennslu. Ýmis förföll hafa verið mjög mikil og eru þeir dagar í vetur þar sem allir starfsmenn hafa verið mættir innan við 10.

Spjaldtölvur munu verða afhentar öllum nemendum í 6. – 10.bekk næsta haust.

Námskeið verður í haust fyrir kennara og gerðir verða samningar við nemendur og foreldra um notkunarreglur.

Nýju persónuverndarlögin. Skólinn þarf að standa skil á mjög mörgum atriðum varðandi þessi lög og mikil vinna framundan, áhættumat og greiningar.

Uppsetning nýrrar heimasíðu er í ferli og verður vonandi orðin virk næsta haust.

Bæta þarf kynningu á Mentor til að auka notkun foreldra.

Næsta ár lítur þokkalega út varðandi starfsmannahald en starfmannaviðtöl eiga samt eftir að fara fram.

Annars er alltaf nóg að gera, kannanir, kennaranemi, teymisvinna og fundir.

Mætingarreglur í skólanum hafa verið hertar og er ætlun að fara að taka betur á ástundun nemenda í skólanum.

3. Tónlistarskólinn á Þórshöfn

a. Skýrsla skólastjóra

Louise er með kennslu inni 1.-7.bekk, 1x í viku í tónmennt. Hún hefur áhuga á að stofna skólakór. Almennt gengur starfið vel.

4. Önnur mál

a. Vangaveltur um nafn Grunnskólans á Þórshöfn. Stundum hefur verið umræða um hvort skólinn eigi að heita Grunnskóli Langanesbyggðar. Grunnskólinn þjónar tveimur sveitarfélögum, Langanesbyggð og Svalbarðshreppi og tveimur byggðakjörnum. Etv þarf einungis að hamra á notkun, þ.e. að skólinn sé kallaður Grunnskólinn á Þórshöfn en ekki Grunnskóli Þórshafnar eða Þórshafnarskóli.

b. Námskeið í jákvæðum aga, fyrir foreldra og kennara.

Rætt um að tala við skólaþjónustu um möguleikana á að fá slíkt námskeið hingað.

Fundargerð lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40